



Akraneskaupstaður
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 27. júní 2017
1706002 SPH/mk

Efni: Deilisk. - Skógarhverfi 1. áf. breyting

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 26. Júní s.l., var fjallað um tillögu að breytingu að deiliskipulagi 1.áfanga Skógarhverfis.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs.

Lögð var fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Skógarhverfis sem unnin er af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., dags 29. maí 2017. Í tillögunni felst annars vegar breyting á húsahæðum fjölbýlishúsa sunnan Asparskóga þar sem aðallega verður gert ráð fyrir tveggja hæða húsum án bílageymslna í stað þriggja hæða með bílageymslu og hins vegar stækkun skipulagssvæðisins sem nemur einni lóðaröð norðan Asparskóga með sams konar tveggja hæða fjölbýlishúsabyggð. Hærri hús verða á þremur lóðum. Jafnframt eru gerðar breytingar á skilmálum t.d. um íbúðaffjölda. Tillagan er unnin í samræmi við rammaskipulag Skógarhverfis frá 2005, sem ekki hefur formlegt gildi, en er nýtt sem forsenda einstakra skipulagsáfanga hverfisins. Nú er gert ráð fyrir 122 íbúðum á óbyggðum lóðum við Asparskóga en með breytingunni og stækkun skipulagssvæðisins verður gert ráð fyrir 159-236 íbúðum á óbyggðum lóðum við götuna.

Haldinn var opinn fundur 15. júní 2017 fyrir íbúa þar sem breytingar voru kynntar.





Akraneskaupstaður

Skipulags og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi breytingar á deiliskipulagi og að skipulagið verði auglýst skv. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sigurður Páll Harðarson

sviðsstjóri

Meðf.:

